

*Alþingi
Erindi nr. P 133/867
komudagur 8.2.2007*

Þróun útgjalda hins opinbera til íþróttá- og æskulýðsmála árin 1995-2006

Helstu niðurstöður

Nóvember 2006

Þróun útgjalda hins opinbera til íþróttá- og æskulýðsmála árin 1995-2006

Helstu niðurstöður

Tölugögn þau sem hér eru notuð eru í meginráttum fengin frá Hagstofunni (ríkisreikningar og reikningar sveitarfélaga) fyrir árin 1994-2003, úr fjárlögum og fjárukalögum fyrir árin 2003-2006. Að nokkru leyti er byggt á áætlun Seðlabankans. Útgjaldatölur sveitarfélaga vegna árána 2005 og 2006 eru fengnar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Samkvæmt áætlun um heildarútgjöld opinberra aðila (ríkis og sveitarfélaga) til íþróttá- og æskulýðsmála mun alls verða varið 10,7 ma.kr. til þessara málaflokka á þessu ári. Er þetta þriðji stærsti málaflokkur sveitafélaganna með um 10-11% af heildarútgjöldum á seinustu árum.

Frá árinu 1995 til 2006 hafa útgjöld ríkisins til æskulýðs- og íþróttamála nærfellt fimmfaldast í krónum talið (368% aukning) og útgjöld sveitarfélaga hafa aukist um 165% á sama tímabili

Útgjöld ríkis og sveitarfélaga hafa aukist mjög mikið á seinustu árum, aukningin frá árinu 2000 til 2006 er um 80%. Þar af hafa útgjöld ríkisins vaxið um 142% og sveitarfélaganna um 76%.

Útgjaldaskiptingin milli íþróttamála annars vegar og æskulýðsmála hins vegar er sú að vægi íþróttamála er um 27% í ár og æskulýðsmál með 73%. Hlutfallsskiptingin hefur verið því sem næst sú sama allt það tímabil sem hér er til athugunar (1995-2006).

Hlutdeild ríkisins í heildarútgjöldum íþróttá- og æskulýðsmála er nú um 5% og hefur heldur aukist á undanförunum árum. Þannig var hlutdeild ríkisins tæplega 3% árið 1995 og um 4% árið 2000.

Á föstu verðlagi hafa útgjöld hins opinbera til íþróttá- og æskulýðsmála aukist um 36% frá 2000. Raunaukningin milli ára er að jafnaði um 5,5% á seinustu 6 árum. Raunútgjöld ríkisins hafa vaxið um 92% og útgjöld sveitarfélaganna um 39% frá árinu 2000. Það er því ljóst að þessi útgjaldaflokkur hefur vaxið hraðar en heildarútgjöld hins opinbera.

- Raunútgjöld ríkisins (á föstu verðlagi nóvember 2006) til þessara málaflokka hafa aukist rúmlega tvisvar sinnum frá árinu 1995 til ársins í ár (210% aukning). Þá er aukningin mikil hjá ríkinu seinustu 5 ár (2001-2006) eða 90%. Útgjöld sveitarfélaga á föstu verði hafa hækkað um rúmlega 75% frá árinu 1995.


Raunaukning útgjalda ríkis og sveitarfélaga hafa í heild aukist hratt á seinustu árum eða um þriðjung frá 2001 og 80% frá 1995.

- Skiptingin á heildarupphæðinni til þessa málaflokks er sú að um þrjú-fjórðu af fara til til íþróttamála en fjórðungur til æskulýðsmála.
- Greinilegt er að útgjöld æskulýðsmála hjá ríkinu hafa aukist nokkru hraðar framan af því tímabili sem hér er fjallað um en útgjöld til íþróttamála. Á seinni árum hafa útgjöld til beggja málaflokkanna þróast eins. Hjá sveitarfélögum virðist því vera svo farið að þróun beggja málaflokka hafi verið mjög keimlík fyrstu árin en frá 2001 virðist sem að útgjöld til íþróttamála hafi aukist hraðar en til æskulýðsmála (sjá mynd 6.).
- Útgjöld hins opinbera til æskulýðs- og íþróttamála snerta eðlilega mest ungt fólk. Mikil raunaukning hefur orðið í þessum útgjöldum að höfðatölu við fjölda ungs fólks, 12-20 ára og 15-25 ára . Þegar útgjöldum hins opinbera er skipt á aldurshópin 12-20 ára kemur í ljós að útgjöld á föstu verði á hvern einstakling hafa aukist um þrjú-fjórðu frá árinu 1995. Alls var varið 276 þús. kr. á hvern einstakling á aldursskeiðinu 12-20 ára árið 2006 á föstu verðlagi. Af þessari upphæð runnu tæplega 74 þús. kr. til æskulýðsmála og 202 þús. kr. til íþróttamála.
- Af þessari upphæð, 276 þús. kr., kom 14 þús. frá ríkinu og 262 þús. frá sveitarfélögum.

Æskulýðs- og íþróttamál 2006

- Samkvæmt áætlun um heildarútgjöld opinberra aðila (ríkis og sveitarfélaga) til íþróttá- og æskulýðsmála mun alls verður varið 10,7 ma.kr. til þessa málaflokks á þessu ári.
- Upphæðin skiptist þannig að tæplega 2,9 ma.kr. fer til æskulýðsmála en 7,8 ma.kr. til íþróttamála
- Æskulýðs og íþróttamál hefur verið þriðji stærsti málaflokkur sveitafélaganna með um 10-11% af heildarútgjöldum á seinustu árum

Útgjöld til æskulýðs-og íþróttamála 1995-2006



Mikil aukning á seinustu árum

- Útgjöld ríkis og sveitarfélaga til æskulýðs- og íþróttamála hafa aukist hratt á seinustu árum, aukningin frá árinu 2000 til 2006 er um 80%.
- Þar af hafa útgjöld ríkisins vaxið um 142% og sveitarfélaganna um 76%.
- Útgjaldaskiptingin milli íþróttamála annars vegar og æskulýðsmála hins vegar er sú að vægi íþróttamála er um 73% í ár og æskulýðsmál með 27%. Hlutfallsskiptingin hefur verið því sem næst sú sama allt tímabilið 1995-2006.
- Hlutdeild ríkisins í heildarútgjöldum íþróttá- og æskulýðsmála er nú um 5% og hefur heldur aukist á undanförunum árum. Þannig var hlutdeild ríkisins tæplega 3% árið 1995 og um 4% árið 2000.


Hvað stendur á bak við tölurnar?

- Af útgjöldum ríkis skv. fjárlögum 2006 eru stærstu póstarnir í æskulýðsmálum til UMFÍ og til KFUM og KFUK. Í íþróttamálum eru stóru póstarnir til Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, til Íþróttasjóðs, Afreksmannasjóðs og stofnfjárframlag til Laugardalsvallar og Vetráíþróttamiðstöðvar á Akureyri
- Hjá sveitarfélögum er því þannig varið að stofnframlag til bygginga íþróttá- og æskulýðsmannvirkja er ekki talið með í þessum tölum um útgjöld sveitarfélaga til æskulýðs- og íþróttamála. Ekki liggja fyrir handbær gögn um slík stofnframlög
- Stóru póstarnir eru rekstur íþróttahúsa og sundlauga eða rúmlega þriðjungur af heildarútgjöldum þessa málaflokks, styrkir til æskulýðs- og íþróttamála er einnig mjög stór liður eða u.þ.b. fjórðungur og þá eru ósundurgreind æskulýðsmál og félagsmiðstöðvar með um fjórðungs hlutdeild.


Mikil vöxtur á seinustu árum á föstu verðlagi

- Á föstu verðlagi hafa útgjöld hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) til íþróttá- og æskulýðsmála aukist um 36% frá 2000. Aukningin milli ára er að jafnaði um 5% á seinustu 7 árum. Útgjöld ríkisins hafa vaxið um 83% og útgjöld sveitarfélaganna um 34% á þessu tímabili.
- Útgjöld ríkisins á föstu verðlagi til þessara málaflokka hafa aukist um 200% frá árinu 1995 til ársins í ár. Mest er raunaukningin milli áranna 1996/98 eða rúmlega 55%.
- Útgjöld sveitarfélaga á föstu verði hafa hækkað um 75% á sama tíma. Það er því ljóst að þessi útgjaldaflokkur hefur vaxið hraðar en heildarútgjöld hins opinbera á undanförunum árum.


Raunaukning útgjalda



Útgjöld ríkisins á föstu verðlagi 1995-2006




Útgjöld sveitarfélaga á föstu verði 1995-2006



Þróun útgjaldanna

- Útgjöld hins opinbera til æskulýðsmála eru talin verða um 2,7 ma.kr. á þessu ári en 1,4 ma.kr. 1995
- Til íþróttamála er áætlað rúmlega 7,4 ma.kr. í ár en 4,3 ma.kr. árið 1995
- Þá er greinilega meiri vöxtur í útgjöldum til æskulýðsmála en til íþróttamála hjá hinu opinbera, á seinustu 14 árum eða frá 1995 hafa raunútgjöld til æskulýðsmála aukist um 87%
- Raunútgjöld til íþróttamála hafa vaxið nokkru hægar eða um 71% á sama tíma. Þegar litið er til seinustu 7 ára eða frá árinu 2000 þá hafa æskulýðsmálin aukist um 39% en íþróttamálin um 33%

Stígandinn í útgjöldum



Útgjöldin til aldurshópsins 12-20 ára

- Útgjöld hins opinbera til æskulýðs-og íþróttamála snerta eðlilega mest ungt fólk.
- Samkvæmt áætluðum tölum fyrir þetta ár mun verða varið alls 276 þús. kr. á hvert ungmenni í aldurhópnum 12-20 ára.
- Af þessari upphæð runnu 74 þús kr. til æskulýðsmála og 202 þús. kr. til íþróttamála.
- Mikil raunaukning hefur orðið þegar miðað er við þennan aldurshóp eða um 77% frá árinu 1995.

Aldurshópurinn 12-20 ára

